

og áður getur, eru eigi leiddar að því sannanir, að einstaklingar (hreppur eða hreppar) eigi eða hafi átt land þar, sem Veiðivötn eru.

Niðurstaðan verður því sú, að álíta verður, að öllum hafi verið og sé heimil veiði í Veiðivötnum norðan Tungnaár og búendur í Landmannahreppi hafi því ekki með veiðistundan sinni í þeim vötnum útilokað aðra frá sams konar notkun vatnanna. Krafa sóknaraðilja, að viðurkennt verði með dómi, að jörðum í Landmannahreppi og þeim einum fylgi veiðiréttur í Veiðivötnum og sé öðrum þar óheimil veiði nema með sérstöku leyfi hverju sinni, verður því eigi tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, en skipuðum talsmanni sóknaraðilja ákveðast hæfileg málsvarnarlaun, kr. 700.00, sem greiðist úr ríkissjóði.

Dráttur sá, sem orðið hefur á máli þessu frá 24. apríl s. l., stafar m. a. af því, að á tímabilið síðan hafa fallið sýslunefndarstörf, undirbúningur manntalsþingaferða og þingaferðir. Auk þess hefur dómariinn orðið síðustu vikurnar að vera fjarverandi sakir starfa í Reykjavík að aðkallandi mál-efnum héraðsins.

Því dæmist rétt vera :

Krafa sóknaraðilja, Guðmundar Árnasonar f. h. búenda í Landmannahreppi, að viðurkennt verði með dómi, að jörðum í Landmannahreppi og þeim einum fylgi veiðiréttur í Veiðivötnum, skal ekki tekin til greina.

Málskostnaður falli niður, en málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns varnaraðilja, Sveinbjörns Jónssonar hrl., kr. 700.00, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 17. maí 1950.

Nr. 75/1948. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Sighvati Blöndahl og gagnsök

(Gústaf A. Sveinsson).

Fébotamál samkvæmt lögum nr. 99/1943.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júní 1948. Krefst hann þess að verða einungis dæmd-

ur til að greiða gagnáfrýjanda kr. 52424.97, að vaxtatími verði stytur og málskostnaður í héraði lækkaður eftir mati Hæstaréttar. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. júní 1948. Krefst hann þess *aðallega*, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 100000.00 með 6% ársvöxtum frá 8. desember 1944 til greiðsludags og málskostnað í héraði, en *til vara*, að héraðsdómurinn verði staðfestur. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Ekki er í ljós leitt, að úttekt, sem gagnáfrýjandi ætti kost á að vera við, hafi farið fram á eignun hans í Engey, er herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku tók við þeim úr höndum herstjórnar Breta. Sönnur hafa ekki heldur verið leiddar á annan hátt að spjöllum Breta á eignunum. Að svo vöxnu máli verður að telja aðaláfrýjanda skyldan til greiðslu bóta fyrir spjöll þau, er í málinu greinir, samkvæmt ákvæðum laga nr. 99/1943. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir bera að staðfesta hann og dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda kr. 3000.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Sighvati Blöndahl, kr. 3000.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. marz 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Sighvatur Blöndahl cand. jur., Suðurgötu 18, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefni 8. desember 1944 gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 100000.00 og málskostnaðar að mati dómara. Við dómtöku málsins krafðist hann og 6% ársvaxta af bótakröfu sinni frá stefnudegi til greiðsludags.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar, en jafnframt hefur hann borið fram þrjár *varakröfur* um

lækkun á dómkröfum stefnanda svo og að málskostnaður verði þá látinn falla niður. Er hin fyrsta sú, að bætur til stefnanda verði ekki ákveðnar hærri en kr. 16133.30, hin önnur, að bætur til stefnanda fari ekki yfir kr. 56673.53, og þrautavarakrafan, að bætur verði ekki dæmdar hærri en kr. 80181 29. Hins vegar hefur hann samþykkt, að dæma megi um vaxtakröfu stefnanda, þótt eigi sé hennar getið í stefnu.

Málavextir eru þeir, að hinn 10. maí 1940 var stefnandi sviptur umráð-um fasteignar sinnar, Engeyjar I í Seltjarnarneshreppi, en eignarhluti hans nam $\frac{3}{4}$ hlutum eyjarinnar. Atvik þau, er þessu ollu, voru hernám Breta á Íslandi. Settust hermenn að í eyjunni og héldu henni allri. Er setulið Bandaríkja Norður-Ameríku flutti herlið á land hér, tók það og ráð Engeyjar og hélt henni til 8. desember 1944. Hinn 5. apríl 1945 lét stefnandi dómkveðja menn til þess að meta spjöll á eignum þessum og endurgjald fyrir afnotamissi. Matsgerðir þessar hafa eigi verið véfengdar, og eru niðurstöður þeirra sem hér segir:

Landspjöll:

a) 1. Hreinsun 23 hermanskálagrunna	kr. 13800.00
2. Hreinsun og fylling 4 fallbyssustæða	— 6000.00
3. Kostnaður af endurrækt 3,2 ha lands	— 4800.00
	<hr/>
Samtals	kr. 24600.00

b) Bætur lendingarvarar:

Tekið hafði verið grjót úr sjávarkambi og hlaðin bryggja í vörina að stefnanda forspurðum. Er skoðun og mat fóru fram, var bryggja þessi stórlega löskuð af sjávangangi og hafði grjót úr henni borizt um vörina og valdið hættum í lendingu. Miðuðu matsmenn mat sitt við það, að bryggjan yrði flutt burt og hlaðinn garður úr grjóti því, sem til hennar fór, ætlaður til varnar vör og landi. Töldu þeir kostnað sem hér segir:

1. Flutningur bryggju og hreinsun varar	kr. 9333.34
2. Hleðsla bryggjugrjóts í garð	— 6000.00
3. Annað hleðsluefni og hleðsla þess	— 30000.00
	<hr/>
Samtals	kr. 45333.34

en þessa fjárhæð töldu matsmenn rétt að lækka vegna þess, að landvörn, er með þessu fengist, væri verðmeiri og traustari en varnir þær, sem áður voru fyrir hendi. Töldu þeir bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 29783.34.

Krafa stefnanda um bætur fyrir landspjöll nemur því samtals kr. 54383.34.

Spjöll á íbúðarhúsi stefnanda voru metin kr. 15860.00, en mánaðarleiga eftir húsið auk áfastra skúra og skúrs við bryggjuhús var metin kr. 285.00.

Loks voru bætur til stefnanda fyrir missi jarðarnota og dúntekju metnar kr. 5600.00 á ári.

Telur stefnandi, að setulið Bandaríkjanna hafi haft eignir hans í sinni

vörzlu frá 8. maí 1941 til 8. des. 1944, eða í 3 ár og 7 mánuði, og telur sig því eiga bótakröfu samkvæmt síðastnefndum tveim liðum, er nemi kr. 32321.33, og nemur heildarkrafa hans því kr. 102564.67 (kr. 54383.34 + kr. 15860.00 + kr. 32321.33), en vegna ákvæða laga nr. 99 frá 1943, er stefnandi reisir á kröfur sínar, er hámark stefnukröfunnar, svo sem fyrr segir, kr. 100000.00.

Stefndi byggir aðalkröfu sína á því, að ósannað sé, að spjöll á eignum stefnanda hafi verið unnin af herliði Bandaríkjamanna, en það sé skilyrði bótageiðslu úr ríkissjóði. Bendir stefndi á það, að herlið Breta hafi setið í eygni rúmlega eins árs skeið, og kveður vitað, að þær hersveitir hófu þegar miklar aðgerðir og rask á eygni. Hefur stefndi og véfengt, að leigugreiðslur falli undir ákvæði laga nr. 99 frá 1943 og auk þess bent á, að stefnandi eða umboðsmaður hans hafa hafnað boði Bandaríkjamanna um leigugreiðslu að fjárhæð kr. 7395.08.

Fyrri varakröfu sína byggir stefndi á því, að sér sé einungis skylt að greiða leigu eftir not Bandaríkjamanna og miðar fjárhæðina við fyrrgreinda matsgerð og niðurstöðu hennar um bætur fyrir land- og dúnmissi, þ. e. kr. 5600.00 árlega. Telur hann tímabilið hefjast 7. júlí 1941 og ljúka 8. des. 1944 og því standa 41 mánuð og fjárhæð eftirgjaldsins því kr. 19133.30, en frá henni beri að draga kr. 3000.00, er hann telur stefnanda hafa haft í tekjur af eign sinni á tímabilinu fyrir hagabeit í eygni, þannig að fjárhæðin nemi alls kr. 16133.30.

Síðari varakröfu sína rökstyður stefndi á þá leið, að yrði litið svo á, að sér bæri, auk leigunnar, kr. 16133.30, að bæta stefnda landspjöll, geti þær bætur þó aldrei orðið hærri en kr. 40540.23. Þá fjárhæð finnur stefndi með því að skipta landspjallabótum í hlutfalli við tímalengd dvalar Bandaríkjamanna, miðað við allan hernámstíma eyjarinnar, en það telur hann, eins og fyrr segir, 41 mánuð af 55 alls. Fjárhæðin verði því ekki yfir kr. 56673.53 (kr. 16133.30 + kr. 40540.23).

Loks er þrautavarakrafan. Bætur stefndi þar við síðari varakröfufjárhæðina bótum fyrir skemmdir á íbúðarhúsinu, kr. 15860.00, svo og húsaleigu kr. 285.00 á mánuði, og er þá hvort tveggja miðað við 41 mánaða skeið, þannig að fyrri talan verður kr. 11822.76, en síðari talan kr. 11685.00. Fjárhæð þrautavarakröfu stefnda verður því kr. 80181.29 (kr. 16133.30 + kr. 40540.23 + kr. 11822.76 + kr. 11685.00).

Svo sem lýst hefur verið hér að framan, var stefnandi sviptur umráðum eigna sinna í Engey í maímánuði 1940, og í gögnum málsins þykir vera nægjanlega í ljós leitt, að hvorki átti hann þess kost að fylgjast með meðferð þeirra og ástandi af eiginni raun né heldur var honum nokkur tilkynning gefin um þetta. Ástand eignanna og tjón það, sem þeim hafði unnið verið, varð eigi ljóst honum, fyrr en þeim var skilað í hendur honum, en þann dag lét hann gefa út stefnu í máli þessu, að því er virðist til varúðar vegna ákvæða 4. gr. i. f. laga nr. 99 frá 1943. Eins og á stóð, verður því ekki komizt hjá að telja stefnanda eiga þess enn síður kost en stefnda að færa sönnur á það, hvenær spjöll þau voru framin á eignum hans, er í máli þessu ræðir. Verður samkvæmt þessu að líta svo á, að

stefndi beri halla af sönnunarbresti um staðhæfingar þær, er hann styður sýknukröfu sína við, og telja hann bótaábyrgan gagnvart stefnanda að því marki, sem lög nr. 99 frá 1943 setja.

Verður því næst fyrir að athuga fjárhæð bótanna. Þess hefur fyrr verið getið, að matsgerðirnar hafa ekki verið véfengdar út af fyrir sig. Þó er þar á ein undantekning, sem síðar verður greind. Svo sem ráðið verður af framanritaðri lýsingu á varakröfum stefnda, hefur hann talið, að öllum bótakröfum, einnig þeim, er af landsþjóllum og húsaskemmdum rísa, beri að skipta í hlutfalli við tímallengd dvalar Bandaríkjamanna, er miðað sé við alla hersetu í eygni. Eigi er unnt að fallast á þessa staðhæfingu hans, og verða kröfur stefnanda samkvæmt þessum liðum, kr. 54383.34 og kr. 15860.00, því til greina teknar óbreyttar. Þá er næst krafa stefnanda um bætur fyrir missi landnota og dúntekju. Þótt fallast megi á það með stefnda, að eigi væri rétt að sækja hann um leigugreiðslu almennt á grundvelli margnefndra laga, ber á það að líta, að hér var um að ræða töku landsins að óvild stefnanda, og þykja þær aðgerðir setuliðsins falla undir 1. gr. laganna og stefnda því skylt að bæta stefnanda tjón hans af þeim. Þótt nægjanlega þyki í ljós leitt (í dómskjali nr. 9), að herlið Bandaríkjanna tók sér setu í eygni í maímánuði 1941, verður samkvæmt 6. gr. laga nr. 99 frá 1943 að miða upphaf tímabils þess, sem stefnandi á bætur fyrir, við 7. júlí 1941, en sem fyrr segir lauk því 8. desember 1944 og stóð því í 3 ár og 5 mánuði. Þykir rétt að miða bæturnar við matsgerðina, sem eigi hefur verið véfengd, svo sem fyrr var sagt, og verður fjárhæðin því kr. 19133.33. Áður var á það dregið í sambandi við fyrri varakröfu stefnda, að stefnandi hafði á tímabilinu tekjur af hagbeit í eygni, og taldi stefndi þær hafa verið kr. 1000.00 á ári, samtals kr. 3000.00. Stefnandi hefur mótmælt þessu, en viðurkennt að hafa fengið kr. 1000.00 um tímabilið, en annað ekki. Verða því aðeins kr. 1000.00 dregnar frá og stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 18133.33 samkvæmt þessum lið.

Loks er krafan um bætur fyrir notamissi íbúðarhúss og skúra. Um réttmæti kröfunnar og tímabil það, er bætur miðast við, vísast til þess, sem sagt var í næsta lið á undan. Um fjárhæðina gegnir þó öðru máli. Stefnandi hefur eindregið mótmælt matsfjárhæðinni og þeim grundvelli, er matsmenn miðuðu hana við, og þykir eigi með öllu unnt að ganga fram hjá þeim mótmælum hans. Dómari hefur að vísu eigi skoðað húsið sjálfur, en með hliðsjón af þeim gögnum, sem fyrir liggja um gerð þess og ástand og annað, er máli þykir skipta, verða hæfilegar bætur samkvæmt þessum lið taldar kr. 8200.00.

Úrslit málsins verða því þessi: Stefnandi verður dæmdur til að greiða stefnanda bætur samtals að fjárhæð kr. 96576.67 (kr. 54383.34 + kr. 15860.00 + kr. 18133.33 + kr. 8200.00) með vöxtum, eins og krafizt var, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 11000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, greiði stefnanda, Sighvati Blöndahl, kr. 96576.67 með 6% ársvöxtum frá 8. desember 1944 til greiðsludags og kr. 11000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. maí 1950.

Nr. 105/1948. **Fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs**

(Sigurður E. Ólason)

gegn

**Brynjólfi Brynjólfssyni og dánarbúi Bjarna
Brynjólfssonar** (Sveinbjörn Jónsson).

Fébótamál samkvæmt lögum nr. 99/1943.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. ágúst 1948, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. s. m. Krefst hann þess, að fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, verði lækkuð og vextir af henni dæmdir frá síðara tímamarki en í héraðsdómi greinir. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Ekki er í ljós leitt, að úttekt, er stefndu væri veittur kostur á að vera við, hafi farið fram á eignum þeirra í Engey, er herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku tók við þeim úr höndum herstjórnar Breta. Sönnur hafa ekki heldur verið leiddar á annan hátt að spjöllum herliðs Breta á eignunum. Að svo vöxnu máli verður að telja áfrýjanda skyldan til greiðslu fullra bóta á tjóni stefndu. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann og dæma áfrýjanda til að greiða stefndu kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.